

Mánudaginn 13. febrúar 1984.

Nr. 220/1981. **Ólafur H. Sigtryggsson og Hördur h/f**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Steypustöð Suðurnesja h/f

(Stefán Pálsson hrl.)

Áskorunarmál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sveinn Sigurkarlsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík og Njarðvík, hefur framkvæmt hinar áfrýjuðu dómsathafnir.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 19. október 1981, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og að stefnda verði dæmt skylt að þola aflýsingu gerðarinnar úr veðmála-bókum. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndu dæmt skylt að þola aflýsingu hennar úr veðmálabókum. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Mál þetta er höfðað af stefndu, Steypustöð Suðurnesja h/f, fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur sem áskorunarmál með utan-réttarstefnu, útgefinni 19. febrúar 1981, á hendur áfrýjanda Ólafi H. Sigtryggssyni „stjórnarformanni Harðar h/f“ til greiðslu skuldar að fjárhæð 1.639.68 krónur auk 4.75% mánaðarvaxta frá 11. ágúst 1980 til greiðsludags og málskostnaðar. Stefnan er birt 20. febrúar 1981. Í stefnu segir, að málið verði þingfest á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur, „sem háð verður í dómsalnum Vatnsnesvegi 33 Keflavík miðvikudaginn 18. mars n. k. kl. 14.00.“ Málið var hins vegar þingfest á bæjarþinginu 4. mars 1981, kl. 14.00.

Áfrýjendur (stefndu í héraði) sóttu ekki þing. Sama dag voru stefnukröfurnar lýstar aðfarahæfar með áritun á stefnuna samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1978, með þeirri breytingu, að dráttarvextir voru ákveðnir 46% ársvextir frá „gjaldþaga til greiðsludags.“ Málskostnaður var ákveðinn 931.00 króna.

Með bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 12. mars 1981 krafðist stefndi fjárnáms í eignum áfrýjandans Harðar h/f til tryggingar framangreindri kröfu. Fjárnám fór fram 16. mars „við skrifstofu Harðar h/f, Fitjabraut 80, Njarðvík.“ Fógeti kvaddi þar til nafngreinda konu sem umboðsmann gerðarþola. Umboðsmaður gerðarbeiðanda benti á til fjárnáms eignina „Þórustíg 3, í Njarðvík þ.e. neðri hæð sem hann segir vera þinglýsta eign gerðarþola.“ Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í nefndri eign.

Stefnda styður kröfu sína um frávísun málsins frá Hæstarétti þeim rökum, að því hafi ekki verið haldið áfram með nægilegum hraða fyrir Hæstarétti. Áfrýjendur fengu málinu að vísu frestað nokkrum sinnum eftir þingfestingu þess, áður en það var tekið til munnlegs flutnings, en ávallt með samþykki stefndu. Er frávísunarkrafa stefndu ekki studd neinum haldbærum rökum, og verður ekki tekin til greina.

Eins og fyrr segir, var áfrýjanda Ólafi H. Sigtryggssyni stefnt fyrir bæjarþing Keflavíkur og Njarðvíkur 18. mars 1981, er þingfesta skyldi málið. Það var hins vegar þingfest 4. mars s.á. og stefnukröfur lýstar aðfararhæfar sama dag, án þess að stefnda sækti þing. Af þessum sökum verður að ómerkja hina aðfararhæfu áritun á áskorunarstefnuna og vísa málinu frá héraðsdómi. Þegar af þeirri ástæðu ber einnig að fella áðurgreinda fjárnámsgerð úr gildi. Um aflýsingu hennar úr veðmálabókum fer eftir 39. gr. laga nr. 39/1978.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinar áfrýjuðu dómsathafnir eru ómerktar, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.